

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 64 5. febrúar 1974, sbr. auglýsingu nr. 333 4. júní 1982.

3. tl. B-liðar 36. gr. fellur niður. Í hans stað bætist nýr liður, 12. tl., við A-lið 36. gr. svohljóðandi:

„Fimm menn í íþróttaråd.“

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi 1. júní 1983.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 19

12. janúar 1983

REGLUGERÐ

um breytingu á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979.

Aftan við lið 3.1.1. bætist svohljóðandi málsgrein:

Áður en leyfi er veitt fyrir nýbyggingu, viðbyggingu eða breytingu á húsi í þegar byggðu hverfi, eða verulegri breytingu á notkun húss, skal nágrönnum, sem bygginganefnd telur að hagsmuna eigi að gæta, gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða framkvæmd innan mánaðar. Bygginganefnd getur þó veitt lengri frest ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1978 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 20

14. janúar 1983

AUGLÝSING

um breytingu á Samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o. fl. nr. 137 26. júlí 1971.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð, kr. 12 200,00 á ári. Gjald dagar eru 15. janúar og 15. júlí ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.